

Stjórnarfundur Geðhjálpur miðvikudaginn

10. júní kl. 16:00

Mætt: Birgir Páll Hjartarson, Ebba Ásmundsdóttir, Grímur Atlason, Hallgrímur Hrafnsson, Jón Ari Arason, Svava Arnardóttir og Sigurborg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð frá 14. maí sl.

Fundargerð lögð fram til samþykktar. Samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Ýmis verkefni komu í kjölfar ráðstefnunnar sem starfsfólk hefur verið að sinna. Grímur hefur verið að hitta foreldra fullorðinna einstaklinga sem eru með flóknar áskoranir – oftast einhverfu greiningar og úrræðaleysið í málefnum þessa hóps.

Grímur sagði frá fundi RealMent þar sem vísindafólk, notendur og opinberir aðilar innan geðheilbrigðismála í Evrópu hittast til að vinna saman að verkefnum sem gangist sem flestum. Þarna var m.a. verið að kynna gagnagrunna sem gætu einfaldað læknum og notendum í tengslum við lyfjaval o.fl.

3. Haustið – hvað er á döfinni

Gulur september – vitundaráttak vegna sjálfvígga og sjálfskaða, ýmsar hugmyndir ræddar.

Geðlestin – samþykkt að fara næsta haust í sambærilega ferð og í fyrri

10.október – Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn

Fyrirtækið Qair, er að taka þátt í hugmyndakeppni um samfélagsverkefni. Verkefni tengjast öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þau leituðu til okkar og ýmsar hugmyndir voru ræddar. Verður rætt frekar á næsta stjórnarfundum.

4. Voice hearer facilitator training

Vinum að því að fá samstarfsaðila með í verkefnið og skoða dagsetningar sem henta. Grímur og Svava munu afla nánari upplýsinga.

5. Geðhjálpurblaðið

Farið var yfir skema fyrir Geðhjálpurblaðið, fundað í næstu viku til að ákvarða stefnur og áherslur fyrir blaðið.

6. Care farms – kynning.

Hallgrímur segir frá heimsókn sem hann fór til Hollands á vegum félagssamtakanna Traustur Kjarni. Þar heimsóttu þau m.a. sveitabæ sem er rétt fyrir utan Utrecht – hópurinn var sérstaklega heillaður af þessum stað, þar sem áhersla er á að vinna saman á jafningjagrunni og hafa hlutverk á býlinu.

Handwritten signatures:
BH, SA, GB, AA, SA, GB

7. Kynning á Family Nurse Partnership

Ólafur Grétar Gunnarsson fjölskyldu- og hjónaráðgjafi kynnti fyrir okkur módel að breskri fyrirmynd þar sem áhersla er m.a. á snemmtæka íhlutun og að foreldrar og börn fái öflugan stuðning frá meðgöngu til 2 ára aldurs.

8. Önnur mál

Svava: Fundur í næstu viku vegna Geðhjálpblaðs Jón Ari og Birgir bjóða sig fram og sitja fundinn.

Svava og Grímur: Fórum yfir miðannarskýrslu Íslands vegna allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna á mannréttindamálum.

Svava: Skuggaskýrslan – punktar frá fundinum sem haldinn var í Geðhjálp koma þar fram. Skýrslan fer í þýðingu 12. júní nk.

Svava: Minnir á Styrktarsjóð geðheilbrigðis, í ár er áhersla á börn og ungt fólk.

Svava: Rannsókn Sigrúnar Ólafsdóttur – fyrstu niðurstöður koma í júní og við munum fylgja þeim eftir eins og áður.

Svava: Fer á aðalfund Mental health Europe í Brussel í næstu viku og mun segja okkur frá því á næsta stjórnarfund.

Svava: Heimsping raddheyrna verður í Prag í október – samþykkt að Svava fari fyrir hönd Geðhjálp.

Birgir: segir frá kynningunni hjá tryggingastofnun varðandi nýja endurhæfinga- og örorkumatskerfið.

Fundi slitið 18:30

Sven Arndottir

Elín Elfa Arnar

Ballgrímur Þrafnsson

JA

Birgir P
Svava Sæns